

Nd.

98. Frumvarp

til laga um stofnun útibús frá Landsbanka Íslands í Árnessýslu.

Flutningsm.: Einar Arnórsson, Sigurður Sigurðsson,
Gísli Sveinsson og Einar Jónsson.

Landsbanka Íslands skal heimilt, svo fljótt sem unt er, með samþykki landstjórnarinnar, að setja upp útibú í Árnessýslu.

Ástæður.

Sýslufundur Árnesinga hefir oftast en einu sinni skorað á landstjórnina að hlutast til um, að bankaútibú yrði sett á stofn austanfjalls. Landsbankanum hefir hingað til eigi verið unt að verða við þessum tilmælum vegna heimildarskorts í lögum, sbr. 9. gr. laga nr. 14, 18. sept. 1885. Úr þessum skorti bætir frv. þetta, ef það verður að lögum. Þörfin er auðsæ og brýn. Útibú austanfjalls mundu nota 3 sýslur: Árness-, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýsla.

Manntal er samanlagt í þessum sýslum um 14 þúsund eða rúml. 15¹/₂% allra landsmanna.

Jarðarhundruð eru nú í sýslum þessum 18124, eða hjer um bil 21% allra jarða á landi hjer.

Fiskiútvegur er mikill á Eyrarbakka, Stokkseyri og í Þorlákshöfn.

Í þessum sýslum eru langmestu landbúnaðarsveitir landsins. Verslun Árnesinga, og Rangæinga að mestu leyti, hlýtur smám saman algerlega að flytjast

til Eyrarbakka og Stokkseyrar. Þangað er skemra að sækja en suður yfir fjall, og verslun að engu óhagfeldari.

Í þessum sýslum á að framkvæma stórfeldar landbúnaðar-endurbætur (Flóa-, Skeiða- og Miklavatnsmýraráveitan, fyrirhleðsla Markarfljóts o. fl.). Þegar þessar bætur eru á komnar, þarf meiri peningaveltu en áður, svo að landið verði unnið og hagnýtt.

Uppsveitir sýslna þessara eru ágætar sauðfjársveitir, en niðursveitirnar einkum kúa- og hrossaræktarsveitir.

Loks skal tekið fram, að nóg verður starfssvið bankanna hjer, þó að þessar sveitir gengju að miklu frá, þar sem þeir hefðu Reykjavík, Gullbringu- og Kjósarsýslu og mikinn hluta Vestfirðingafjórðungs, auk alls annars, svo sem aðalskifta við útlönd.

Bankarnir í Rvík koma sveitamönnum hvergi nærri að því haldi, sem nauðsynlegt og æskilegt væri, vegna þess að stjórnir bankanna þekkja eigi nægilega hag alls fjölda bænda.